

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/649**2019/EES/90/09****frá 24. apríl 2019****um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar transfitu, aðra en transfitu sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í fitu úr dýraríkinu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinn annarra efna í matvæli ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 getur framkvæmdastjórnin ákveðið að eigin frumkvæði að færa efni, önnur en vítamín eða steinefni, eða innihaldsefni, sem inniheldur slík efni, á skrá í III. viðauka við þá reglugerð þar sem skráð eru þau efni sem eru bönnuð, sæta takmörkunum eða eru í athugun í Sambandinu með tilliti til notkunar í matvæli, ef efnið tengist hugsanlegri áhættu fyrir neytendur eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Hinn 4. desember 2009 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit ⁽²⁾ og komst að þeirri niðurstöðu að inntekið magn transfitusýra ætti að vera eins lítið og mögulegt er í tengslum við næringarfræðilega fullnægjandi mataræði.
- 3) Hinn 3. desember 2015 samþykkti framkvæmdastjórnin skýrslu um transfitu í matvælum og í öllu fæði íbúa Sambandsins ⁽³⁾. Í skýrslunni er minnt á að kransæðasjúkdómur eru helsta dánarorsökunin í Sambandinu og að mikið inntekið magn transfitu auki verulega hættuna á hjartasjúkdómum, meira en nokkurt annað næringarefni miðað við hverja hitaæiningu.
- 4) Í skýrslunni var komist að þeirri niðurstöðu að árangursríkasta ráðstöfunin með tilliti til lýðheilsu, neytendaverndar og samrýmanleika við innri markaðinn virðist vera að fastsetja lögleg mörk fyrir iðnaðartransfitur í matvælum.
- 5) Hinn 30. apríl 2018 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin tæki saman niðurstöður úr vísindalegri ráðgjöf sem Matvælaöryggisstofnunin hafði þegar lagt fram um áhrif transfitu á heilbrigði, einkum um næringar- og heilsufullyrðingar, fæðutengd viðmiðunargildi og matvælaaukefni, og að hún upplýsti framkvæmdastjórnina um það hvornig slík vísindaleg ráðgjöf tengist gildandi markmiðum og tilmælum um inntekið magn transfitu til að viðhalda heilbrigði.
- 6) Hinn 19. júní 2018 lagði Matvælaöryggisstofnunin fram niðurstöður sínar í formi vísindalegrar og tæknilegrar aðstoðar. Á grundvelli endurskoðunar á fyrirliggjandi vísindabekkingu komst hún að þeirri niðurstöðu ⁽⁴⁾ að samkvæmt nýjustu landsbundnum og alþjóðlegum tilmælum ætti inntekið magn transfitusýra með fæðu að vera eins lítið og mögulegt er.
- 7) Hinn 15. maí 2018 kallaði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin eftir útrýmingu iðnaðarframleiddra transfitusýra úr fæðuframboði í heiminum ⁽⁵⁾.
- 8) Transfita er efni, annað en vítamín og steinefni, þar sem skaðleg áhrif á heilbrigði hafa verið greind. Því ætti að færa efnið í B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 og íblöndun þess í matvæli eða notkun þess við framleiðslu á matvælum ætti eingöngu að vera leyfð að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í þeim viðauka í ljósi núverandi stöðu vísinda- og tæknibekkingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 110, 25.4.2019, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 254/2019 frá 25. október 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

(2) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um séræðu, næringu og ofnæmi, „Scientific Opinion on Dietary Reference Values for fats, including saturated fatty acids, polyunsaturated fatty acids, monounsaturated fatty acids, trans fatty acids, and cholesterol.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(3), 1461.

(3) COM(2015)619, lokagerð, 3.12.2015.

(4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2018. „Scientific and technical assistance on trans fatty acids.“ EFSA supporting publication 2018:EN-1433. 16 bls. doi:10.2903/sp.efsa.2018.EN-1433.

(5) „REPLACE – an Action package to eliminate industrially-produced trans fatty acids“ (aðgerðapakki til að útrýma iðnaðarframleiddum transfitusýrum), tilvísun WHO/NMH/NHD/18.4, maí 2018.

- 9) Skilgreining hugtakanna „fitu“ og „transfitu“ sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1169/2011 ⁽⁶⁾ og „smásölu“ sem sett er fram í 7. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁷⁾ ættu að gilda um viðeigandi hugtök í B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006.
- 10) Til að auðvelda beitingu þessarar reglugerðar er nauðsynlegt að krefjast þess að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem afhenda öðrum stjórnendum matvælafyrirtækja, að undanskildum smásölum, matvæli, tryggji að þeim séu veittar upplýsingar um magn transfitu, annarrar en transfitu sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í fitu úr dýraríkinu, ef það magn fer yfir 2 grömm á 100 grömm af fitu.
- 11) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast nýju kröfunum sem fylgja þessari reglugerð ætti að samþykkja viðeigandi umbreytingarráðstafanir.
- 12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1925/2006 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Innihald transfitu, annarrar en transfitu sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í fitu úr dýraríkinu, í matvælum sem eru ætluð fyrir lokaneytendur og matvælum sem eru ætluð til afhendingar í smásölu skal ekki fara yfir 2 grömm á 100 grömm af fitu.

2. gr.

Stjórnendur matvælafyrirtækja sem afhenda öðrum stjórnendum matvælafyrirtækja matvæli sem eru ekki ætluð fyrir lokaneytendur eða ekki ætluð fyrir afhendingu í smásölu skulu tryggja að stjórnendum matvælafyrirtækja, sem hafa fengið matvælin afhent, séu veittar upplýsingar um magn transfitu, annarrar en transfitu sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í fitu úr dýraríkinu, ef það magn fer yfir 2 grömm á 100 grömm af fitu.

3. gr.

Ákvæðum B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Matvæli sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð má áfram setja á markað til 1. apríl 2021.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi töflu er bætt við í B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006:

„B-HLUTI

Efni sem sæta takmörkunum

Efni sem sætir takmörkunum	Notkunarskilyrði	Viðbótarkröfur
Transfita , önnur en transfita sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í fitu úr dýraríkinu	<i>Að hámarki 2 grömm í 100 grömmum af fitu í matvælum sem eru ætluð lokaneytendum og matvælum sem eru ætluð til afhendingar í smásölu.</i>	Stjórnendur matvælafyrirtækja sem afhenda öðrum stjórnendum matvælafyrirtækja matvæli sem eru ekki ætluð fyrir lokaneytendur eða ekki ætluð fyrir afhendingu í smásölu skulu tryggja að stjórnendum matvælafyrirtækja, sem hafa fengið matvælin afhent, séu veittar upplýsingar um magn transfitu, annarrar en transfitu sem kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í fitu úr dýraríkinu, ef það magn fer yfir 2 grömm á 100 grömm af fitu.“